



Sveinsprófsnefnd sterkstraums

Öryggismál, samskipti, Reglugerð um  
raforkuvirki, Orðsending 1/84, ÍST  
200:2006 og Tæknilegir tengiskilmálar.

7. febrúar 2017 kl. 08:30 - 10:45

Nafn: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Hjálpargögn: Reglugerð um raforkuvirki, Orðsending 1/84, ÍST 200:2006, Tæknilegir tengiskilmálar, skriffæri og reiknivél.

**Skýringar á verkefninu:** Prófið inniheldur 25 skriflegar spurningar og 5 krossaspurningar. Gefnir eru 4 valkostir á svari fyrir krossaspurningarnar og skal merkja við rétt svar með X-i eða hring! Vægi hverrar krossaspurninga er 10 einingar eða samtals 50 einingar. Vægi skriflegra spurninga er 10 fyrir hverja spurningu eða samtals 250 einingar. Spurningum skal svara á prófblaðið. Í sviga fyrir aftan númerin á spurningunum eru þær einingar sem hver spurning vegur.

**Summa eininga fyrir spurningar er 300 einingar**

**Úrlausnartími: 135 mínútur.**

*Gangi þér vel!*

1. (10) Í hvaða tilfellum þarf að nota tálma vegna vinnu í háspenntu virki? Nefndu dæmi um notkun.
2. (10) Hvaða reglur gilda um tíðni skoðana háspennulína?
3. (10) Í hvaða tilfellum má verkstjóri ekki taka þátt í verki (vinnu) í háspennu virki?

4. (10) Eru gerðar einhverjar kröfur um upplýsingaspjöld í og við háspennurými með SF6 rofabúnaði ? Ef svo er, nefndu þá þau upplýsingaspjöld.
5. (10) Má nota hlífar úr málmi sem vörn gegn spennuhafa hlut?
6. (10) Ef unnið er á háspennurekstrareiningu má undir einhverjum kringumstæðum losa upp jarðbindingar og skammhleypingar? Ef svo er, hvaða aðstæður leyfa það?

7. (10) Hvaða reglur gilda um lágmarks fjölda starfsmanna við vinnu í háspennuvirki?
8. (10) Eru gerðar kröfur til þeirra sem starfa við rekstur háspennuveitna og ef svo er hvaða kröfur eru það?
9. (10) Hver er minnsta leyfilega fjarlægð á hlíf sem setja á upp vegna vinnu við háspennu útiviki, sem hefur 132 kV rekstrarspennu?

10. (10) Getur rofastjóri í háspennuvirki gengt hlutverki verkstjóra og spennuvarðar (öryggisvarðar) samhliða rofastjórninni?
  11. (10) Er leyfilegt að afhenda öðrum starfsmanni, sem vinnur með þér lykla sem hafa verið afhentir af ábyrðarmanni rafveitu?
  12. (10) Hvað er átt við með því þegar talað er um fullrof?

13. (10) Þarf að skipa spennuvörð fyrir verk sem unnið er í eða við háspennuvirkí?
14. (10) Eru gerðar einhverjar kröfur til starfsmanna rafveitu vegna hættufrávika í rekstri, hvort heldur er vegna búnaðar eða sem snýr að öryggi starfsmanna?
15. (10) Hvað þarf að gera áður en rekstrareining er jarðbundin?

16. (10) Má leyfa einhverjum sem er ekki kunnáttumaður aðgang að háspennuvirkí?
17. (10) Ef vinnu er lokið á einhverri rekstrareiningu, má rofastjóri þá byrja á innsetningu hennar?
18. (10) Hvaða reglur gilda um aðgengi að háspennuvirkí í rekstri fyrir verktaka?

19. (10) Hvaða kröfur eru gerðar um jarðbindingar við vinnu á loftlínum?
20. (10) Ef háspennurekstrareining hefur verið jarðbundin með fast tengdum jarðrofa, má frátengja hann ef gerðar eru ákveðnar ráðstafanir. Ef svo er hvaða ráðstafanir eru það?
21. (10) Eru gerðar einhverjar kröfur vegna vinnu á loftlínum eða í opnum tengivirkjum vegna veðurs?

22. (10) Hvernig er öryggisfjarlægð fyrir vinnu við háspennurekstrareiningu í 132 kV útivirki metin?
23. (10) Hvaða reglur gilda þegar færanlegt jarðbinditæki er notað?
24. (10) Hvaða kröfur hvíla á verkstjóra, áður en verk hefst við háspennurekstrareiningu?

25. (10) Hvað er það helsta sem skoðunarmaður á háspennulínu er að leita eftir?

26. (10) Hver heimilar vinnu í og við háspennuvirki?
- a) Ábyrgðarmaður
  - b) Rofastjóri
  - c) Verkstjóri
  - d) Spennuvörður
27. (10) Hver gefur þeim sem koma að verki í háspennuvirki nákvæmar leiðbeiningar um verkefnið, mörk vinnusvæðis og öryggisráðstafanir sem gera þarf?
- a) Ábyrgðarmaður veitu
  - b) Rofastjóri
  - c) Spennuvörður (Öryggisvörður)
  - d) Verkstjóri
28. (10) Hver heimilar innsetningu rekstrareiningar eftir vinnu við hana?
- a) Rofastjóri
  - b) Verkstjóri
  - c) Spennuvörður
  - d) Kunnáttumaður
29. (10) Hver heimilar að afnema varúðarráðstafanir sem gerðar hafa verið eftir verklok og fyrir innsetningu rekstrareiningar?
- a) Ábyrgðarmaður
  - b) Spennuvörður
  - c) Rofastjóri
  - d) Verkstjóri
30. (10) Hvenær má hefja vinnu í eða nálægt spennulausu háspennuvirki?
- a) Strax þegar það var rofið og gert spennulaust.
  - b) Þegar verkstjóri er kominn á staðinn og virkið gert spennulaust með fullrofi.
  - c) Þegar verkstjóri hefur tilkynnt að virkið hafi verið fullrofið frá, jarðtengt og skammhleypt.
  - d) Þegar verkstjóri hefur fengið tilkynningu frá rofastjóra um að virkið sé fullrofið frá og jarðtengt.